



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 3. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Miðvikudagur 20.06.2012 kl. 18:05

**Þátttakendur:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður  
Ingi Geir Sveinsson (IGS)  
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)  
Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)  
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður

**Boðuð forföll:** Höskuldur Höskuldsson (HH)  
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður  
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður  
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** HRS

**Helstu mál:** Fundargerð, Nordic Meeting 2012, Landliðsmál, útbreiðsla og nýliðun, nefndir KLÍ og önnur mál.

## Dagskrá fundarins:

### 1. Fundargerð:

Engar athugasemdir bárust um síðustu fundargerð og skoðast hún samþykkt.

### 2. Nordic Meeting 2012:

ÞMP sagði frá ferð sinni á fund norrænu keilusambandanna sem haldin var í Helsinki 2.-3. júní sl. en þar mætti hann fyrir hönd KLÍ ásamt Þóri Ingvarssyni fráfarandi formanni KLÍ. ÞMP fór yfir helstu samþykktir sem gerðar voru og þar má helst telja að samþykkt var Nordic Youth Cup verður áfram og heldur Svíþjóð næsta mót sem verður í nóvember 2013. Ísland bauð sig fram sem varamótsstaður ef á þarf að halda. Einnig var samþykkt að haldið verði Nordic Veteran Cup, en það er mót fyrir keilara 65 ára og eldri, og verður fyrsta mótið haldið í Helsinki í júní 2013. Hugmyndir eru uppi um Nordic Senior Cup fyrir 50 ára og eldri, en ekki var tekin endanleg ákvörðun á þessum fundi og mun málið verða rætt á næsta fundi. Kynntar voru hugmyndir um Nordic Tour og Svíþjóð falið að leiða undirbúning fyrir það. Þjálfaramál voru rædd og þörfina á því að þjálfarar hittist og ræði þær aðferðir sem notaðar eru.

### 3. Landsliðsmál:

Vegna fyrirhugaðs fundar landsliðsnefndar voru málefni landsliða rædd og skipts á skoðunum um fyrirkomulag þeirra mála. Út frá þeirri umræðu spannst umræða um nýliðun í keilunni og hvernig hægt er að fá inn nýtt fólk í keiluna. Ákveðið var að halda málþing í ágúst um þessi mál og mun ÞMP boða til þess.

### 4. Nefndir KLÍ:

Enn vantar tillögur um fólk í nefndir KLÍ frá nokkrum félögum, en það vantar fólk í mótanefnd, tækninefnd, upplýsinganefnd, dómarnefnd, ásamt því að ljúka þarf samsetningu á nefnd sem kemur til með að skoða reglugerðir KLÍ. Nokkrar hugmyndir voru ræddar og ÞMP mun ræða við þá aðila sem stungið var uppá.

### 5. Önnur mál:

IGS greindi frá samtölum við landsliðsþjálfara vegna þess fyrirkomulags sem notað hefur verið við greiðslur vegna upphalds á mótum erlendis og óskir um breytingar á því fyrirkomulagi. ÓPV skýrði frá því hvernig staðið hefur verið að þessu undanfarin ár og hvernig síðustu uppgjör voru framkvæmd.

Nokkur umræða var um fyrirkomulag íslandsmóts liða, en það fyrirkomulag sem hefur verið við lýði undanfarin ár er í hálfgerðu uppnámi og finna þarf lausn á því sem fyrst svo hægt verði að setja saman dagskrá fyrir næsta vetur. Nokkrar tillögur komu fram á fundinum og mun ÞMP senda þær á stjórnarmenn og málið tekið upp á næsta fundi.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:50 – stefnt er að því að halda næsta fund 27/6 2012.